

82

46. gr.

19. júlí

Reglugerð fyrir Kennaraskólann í Reykjavík, frá 24. september 1924, er hér með felld úr gildi og þar með önnur ákvæði, sem brjóta í bág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1934.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 19. júlí 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Gissur Bergsteinsson.*

83

## AUGLÝSING

25. júlí

um staðfesting kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um kirkjugarða.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 64 frá 23. júní 1932, um kirkjugarða er hérmeð staðfest eftirrituð

### REGLUGERÐ UM KIRKJUGARÐA

#### I. Um kirkjugarða almennt.

1. gr.

Í hverri kirkjusókn skal vera vígður grafreitir fyrir hlutaðeigandi sókn til greftrunar látnum sóknarmönnum og þeim öðrum, sem þar ber að jarða eða hafa óskað sér látnum leg þar. Utan sóknarkirkjugarðs má ekki lík jarða, nema þar sem með leyfi réttra stjórnarvalda hefir verið tekinn upp grafreitir fyrir ákveðinn söfnuð utan þjóðkirkju eða heimagrafreitur fyrir ákveðna fjölskyldu.

2. gr.

Sóknargrafreitir og allir grafreitir aðrir eru friðhelgir, svo og legstaðir þeirra, sem þar eru jarðsettir. Má þar engan hávaða gera eða neitt fara fram innangarðs, sem raskar helgi grafreits og grafarfriði og ótilhlýðilegt er talið á friðhelgum stað.

3. gr.

Vigja skal sóknargrafreiti svo og heimagrafreiti og grafreiti utanþjóðkirkjumannanna, þar sem þeir hafa verið teknir upp, áður en þar er jarðsett í fyrsta sinni, og framkvæmir hlutaðeigandi prestur þá athöfn samkvæmt (tilsettum) reglum löggiltrar helgisiðabókar þjóðkirkjunnar.

## 4. gr.

Allir grafreitir skulu vera vandlega girtir fjárheldri girðingu úr steinsteypu, velhlöðnu grjóti eða öðru því efni, sem að dómi prófasts telst sæmilegt. Í girðingu grafreita skal vera steinlímt hlið með vandaðri grind úr járni eða tré, sem hægt er að tvílæsa.

83

25. júlí

## 5. gr.

Séu grafreitir, hvort heldur er þjóðkirkjusafnaða eða utanþjóðkirkju, svo fjarri kirkju, að ekki heyrir þangað líkhringing frá turni kirkjunnar, skal þar reist líkhús eða að minnsta kosti klukkustöpull með sæmilegum umbúnaði til líkhringingar.

## 6. gr.

Nú er sóknargrafreitir útgrafinn svo að stækka verður eða taka upp nýjan grafreit handa sókninni. Heyrir það mál undir lögsmáttan safnaðarfund. Verði safnaðarfundur, sem boðað hefir verið til í því skyni, ólögsmáttur, skal að mánadagfresti boða til nýs safnaðarfundar, og er söfnuður ályktunarfær og getur tekið fullnaðarákvarðanir um málið, þótt ekki hafi meiri hluti atkvæðisbærra manna sótt fundinn. Þó er samþykkt safnaðarfundar varðandi stækkun eða upp-töku nýs grafreits því aðeins gild, að prófastur sé henni samþykkur.

Sýni söfnuður vanrækslu í þessu efni, þá getur prófastur skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs án samþykkis safnaðarfundar og er þá sóknar-nefnd skylt að láta framkvæmd verða á því verki. Þó er heimilt að skjóta slíkum fyrirmælum prófasts til biskups.

## 7. gr.

Þær kvaðir, sem þegar eru á jörðum eða lóðum, þar sem kirkjugarðar standa, um hæfilegt, ókeypiss kirkjugarðsstæði, haldast óbreyttar. Að öðrum kosti er sveitar- eða bæjarfélagi því, er liggur innan sóknar, skylt að leggja til ókeypiss hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og hleðslu, eða steypuefni (sand og mól) í girðingu. Eins er sveitar- eða bæjarfélagi skylt, ef þörf gerist, að kosta framræslu eða uppfyllingu lands, sem hún ávísar undir grafreit, svo að unnt sé að taka nægilega djúpar og þurrar grafir. Loks annast sveitar- eða bæjarfélag um lagningu og viðhald akfærs vegar frá kirkju til kirkjugarðs, þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði, og leggur til ókeypiss hæfilegan ofaniburð í götur og gangstíga innan girðingar grafreitsins. Eigi fleiri sveitar- eða bæjarfélög í hlut, skal skipta kostnaðinum niður eftir mannfjölda hvers þeirra.

## II. Um skipulag kirkjugarða.

## 8. gr.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, að fengnu vottorði hér- aðslæknis um að kirkjugarðsstæði sé valið samkvæmt lögákveðnum heilbrigðis- reglum, skal gera uppdrátt í 3 eintökum að fyrirhuguðum nýjum grafreit eða

83 viðbót við eldri grafreit, þar sem markaðir eru aðalgangstígar og hliðargangstígar, svo og einstök leiði, sem gert er ráð fyrir. Mælikvarði uppdráttar skal vera 1 á móti 200. Aðalgangstígar mega ekki vera mjórri en  $1\frac{1}{2}$  m., en hliðargangstígar ekki mjórri en  $1\frac{1}{4}$  m. En hverju leiði skal ætlaður flötur er sé  $2\frac{1}{2}$  m. á lengd og  $1\frac{1}{4}$  m. á breidd. Dýpt grafa skal vera, þar sem landslag leyfir, minnst 2 m. eða frá yfirborði líkkistu upp að grafarbarmi minnst  $1\frac{1}{4}$  m.

Uppdrættina sendir sóknarnefnd, ásamt vottorði héraðslæknis og umsögn sóknarprests og prófasts, biskupi til staðfestingar.

#### 9. gr.

Ekki er heimilt að taka gröf í grafreit nema þar sem sóknarnefnd eða umsjónarmaður kirkjugarðs leyfir, og skulu leiðin jafnóðum og grafið er mörkuð á uppdrætti sóknarnefndar og tölusettt, en nafn hins greftraða og greftrunardag skal setja í legstaðaskrá, er uppdrættinum fylgir.

#### 10. gr.

Nú æskir einhver að fá útmældan grafreit til legstaða handa sér og ættmennum sínum og skal það heimilt látið, ef sóknarnefnd þykir ástæður leyfa, gegn því að legstaðareigandi greiði hærra legkaup en hið venjulega, eftir því er sóknarnefnd ákveður.

#### 11. gr.

Grafkapellur í kirkjugörðum getur sóknarnefnd bannað nema í sérstökum röðum, og gegn gjaldi eins og síðar segir. Skulu grafkapellur settar í sérstakri röð í útjaðri og vera gerðar samkvæmt teikningu, sem sóknarnefnd hefir samþykkt, úr steini eða steinsteypu og mega aldrei vera hærri en  $\frac{1}{2}$  m. ofanjarðar. Fyrir leyfi til að setja grafkapellur í kirkjugarði greiðir hlutaðeigandi 500 kr. og rennur gjaldið í kirkjugarðssjóð. Einnig er leyfishafa skylt að leggja fram allt að 250 kr. upphæð eitt skipti fyrir öll í legstaðasjóð til viðhalds kapellunni.

#### 12. gr.

Nú er í kirkjugarði kapella, sem þar hefir verið reist áður, en hefir ekki verið haldið við sem skyldi. Ber sóknarnefnd eða skipuðum umsjónarmanni að aðvara hlutaðeigandi um viðhaldið, en sé aðvöruninni ekki sinnt eða sé enginn á lífi, er beri skylda til að annast viðhaldið, er sóknarnefnd heimilt að láta rífa kapelluna til grunna og hylja moldu á venjulegan hátt líkkistur þær, sem þar kunna að geymast.

### III. Um umsjón kirkjugarða.

#### 13. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón kirkjugarða. Þó getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd, að fengnu leyfi rétttra stjórnarvalda, tekið að sér umsjón og fjárhald kirkjugarðsins. Einnig getur sóknarnefnd með samþykki lögmæts safnaðar-

fundar ráðið sérstakan umsjónarmann til eftirlits og umsjónar undir yfirum- **83**  
sjón sóknarnefndar, launaðan af sjóði kirkjugarðsins, og á sama hátt getur bæj- 25. júlí  
arstjórn eða hreppsnefnd, er tekið hafa kirkjugarð í umsjón sína, ráðið sérstak-  
an mann til hins sama gegn þóknun úr bæjar- eða hreppssjóði.

#### 14. gr.

Sóknarnefnd ber að sjá um, að kirkjugarður sé vel hirtur, að gangstígar séu snyrtilegir, að kirkjugarðurinn sé sleginn á hverju sumri og að vandlega sé um hann gengið, svo að skepnur komist ekki inn í hann. Einnig ber sóknarnefnd eða skipuðum umsjónarmanni að sjá um, að legstaðir sé vel hirtir af hlutaðeigendum, og að girðingum og legsteinum á leiðum sé vel við haldið. Loks ber sóknarnefnd eða umsjónarmanni að hvetja hlutaðeigendur til að prýða legstaði framliðinna ástvína með blómum.

Vanræki hlutaðeigendur skyldur sínar varðandi hirðingu legstaða eða viðhald girðinga um þá og legsteina á þeim, ber sóknarnefnd eða umsjónarmanni að gera hlutaðeigendum aðvart um það og ef ekki stoðar, þá að láta vinna verkið á kostnað þeirra. Sé hins vegar ókunnugt um aðstandendur, en nefnd mannvirki brotin eða fúin og til óprýði í kirkjugarðinum, þá er sóknarnefnd eða fulltrúa hennar við umsjónina heimilt að flytja þau burt úr garðinum og selja kirkjugarðssjóði til hagnaðar, hafi enginn leitt sig að þeim með hæfilegum fresti, en slétta yfir legstaðinn. En legsteina (ef heilir eru) skal setja í skipulega röð á þeim stað í garðinum, sem prófastur telur bezt fara á.

#### 15. gr.

Þegar girðing um grafreit þarfnast endurbótar eða girða skal viðbót við gamlan garð, sér sóknarnefnd um framkvæmd verksins. Greiðist kostnaður við það af sjóði kirkjugarðsins það, sem hann hrekkur til, en því, sem á vantar, skal jafnað niður á útsvarsgreiðendur sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, þó ekki yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi.

Þegar tekinn er upp nýr kirkjugarður þar, sem enginn kirkjugarður er fyrir, og enginn kirkjugarðssjóður er fyrir hendi, er sóknarnefnd heimilt að jafna stofn-  
kostnaðinum niður að hálfu með hundraðsgjaldi af útsvörum sóknarmanna.

#### 16. gr.

Sóknarnefnd eða ráðinn umsjónarmaður annast um að greftrun sé lagað samkvæmt hinum staðfesta uppdrætti. Einnig er sóknarnefnd heimilt að fela umsjónarmanni að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi.

Láti aðstandendur hins látna sjálfir taka gröfina, er þeim skylt, svo fljótt sem því verður við komið, að ganga vel frá legstaðnum og færa burt úr garðinum grjót og mold, sem eftir hefir orðið þegar gröfin var fyllt. Vanræki aðstandendur þetta, lætur sóknarnefnd eða umsjónarmaður garðsins framkvæma verkið á kostnað þeirra.

## 83

25. júlí

## 17. gr.

Þyki ástæða til að reisa líkhús í kirkjugarði sökum fjarlægðar hans frá sóknarkirkju, skal sóknarnefnd leggja málið fyrir safnaðarfund. Að fengnu samþykki safnaðarfundar, er málið afgreitt til prófasts, en hann tilkynnir kirkjustjórn vilja og óskir safnaðarins þar að lútandi og segir álit sitt um hvort þörfin sé brýn.

Um efni, sem líkhús er byggt úr, fer eftir því, sem til er tekið í kirkjugarðslögum. En sóknarnefnd sér um framkvæmd verksins, að það sé gert eftir hinum staðfesta uppdrætti.

Kostnaður af líkhúsbyggingu, og eins af verkamannaskýli, þar sem þörf þykir að koma því upp, greiðist úr kirkjugarðssjóði.

## 18. gr.

Sóknarnefndir skulu láta gera uppdrætti af kirkjugörðum þeim, sem nota má til nokkurrar frambúðar að álitu prófasts. Kallar prófastur eftir uppdráttunum í tæka tíð og sendir biskupi. En kirkjustjórn lætur sérfróðan mann gera tillögur um, hvernig megi skipuleggja þessa kirkjugarða og gera uppdrætti þar að lútandi.

Fyrirmynd af kirkjugarðsuppdrætti fylgir reglugerð þessari.

## 19. gr.

Kirkjugarður, sem lagður hefir verið niður með samþykki lögmæts eða ályktunarfærs safnaðarfundar og að fengnu samþykki prófasts og biskups, er áfram í umsjón sóknarnefndar. Lætur sóknarnefnd gera um hann griphelda girðingu og heldur henni við á kostnað kirkjugarðssjóðs. En þegar liðin eru 20 ár frá niðurlagningu, má með samþykki safnaðarfundar slétta yfir garðinn og gera að grasreit. Þó komi einnig til samþykki ráðuneytis að fengnum tillögum biskups og fornminjavarðar.

## 20. gr.

Næstu 20 ár eftir að kirkjugarður hefir verið lagður niður má þó jarða þar einstaka menn, ef rúm leyfir og klukka er þar til hringingar. En skylt er þeim, er lætur grafa, að setja trausta girðingu um legstaðinn og leggja minnst 50 kr. í legstaðasjóð honum til viðhalds.

## 21. gr.

Þegar sléttað hefir verið yfir niðurlagðan grafreit, eru öll minnismerki (legsteinar, krossar o. s. frv.) á ábyrgð vandamanna hins látna, en heimilt skal þeim að halda slikum legstöðum óhögguðum, ef þeir halda þar við sómasamlegri girðingu, eða gera ráðstafanir til þess, að það verði gert, með því að leggja ákveðna upphæð í legstaðasjóð.

## 22. gr.

Ekki má nota niðurlagðan grafreit til neins þess, er óviðurkvæmilegt telst að dómi prófasts. Og ekki má þar neitt jarðrask gera fyr en liðin eru 100 ár

frá því er síðast var jarðað þar, nema með leyfi ráðuneytis að fengnum tillög- 83  
um biskups, og þó aldrei fyr en liðin eru 60 ár.

25. júlí

## 23. gr.

Prófastar skulu á kirkjuskodunarferðum sínum og við önnur tækifæri líta eftir, að nákvæmlega sé farið eftir ákvæðum gildandi laga um kirkjugarða og reglugerðar þessarar, að því er varðar alla hirðingu og viðhald kirkjugarða. Nær sú skylda prófasts einnig til grafreita utan þjóðkirkjumanna, þar sem þeir eru.

Einnig skulu prófastar á eftirlitsferðum sínum líta eftir heimagrafreitum í prófastsdæmi sínu. Fyrir það greiðir leyfishafi heimagrafreits prófastti hálf visitaziulaun.

## IV. Fjórðagur kirkjugarða.

## 24. gr.

Kirkjugarðar eru sjálfseignarstofnanir með sérstöku fjárhaldi í umsjón og ábyrgð hlutaðeigandi safnaðar- eða hrepps- og bæjarfélags, þar sem hrepps- eða bæjarfélag hefir tekið kirkjugarðinn í sína umsjón (sbr. 13. gr.), — undir yfirstjórn biskups.

Fjármál kirkjugarða eru fjármálum kirkna með öllu óviðkomandi.

## 25. gr.

Umsjón og fjárhald kirkjugarða er í höndum sóknarnefnda, nema bæjarfélag eða hreppsfélag hafi tekið kirkjugarðinn að sér. Skipar þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd sérstaka nefnd til þess að annast allt það, er að kirkjugörðum lýtur.

## 26. gr.

Heimilt er að taka upp legkaup til tekna fyrir kirkjugarðssjóð, að fengnu samþykki safnaðar og héraðsfundar, staðfestu af ráðuneyti.

## 27. gr.

Einnig er heimilt að stofna legstaðasjóði í hverri sókn, þar sem menn óska að leggja fram ákveðna upphæð, er ávaxtast til viðhalds og endurnýjunar ákveðins legstaðar, samkvæmt fyrirmælum þess, er féð leggur fram. Minnsta upphæð, sem fram er lögð í þessu skyni, er 50 kr. fyrir hvern legstað. Sóknarnefnd hefir á hendi stjórn sjóðanna undir yfirstjórn prófasts, og ávaxtast sjóðirnar í Söfnunarsjóði Íslands þannig, að hver legstaðasjóður hefir sína viðskiptabók.


## 28. gr.

Tekjur kirkjugarðs eru þessar:


1. Legkaup, þar sem þau hafa verið tekin upp.
2. Leyfisbréfa-gjöld og árgreiðslur fyrir útmælda ættargrafreiti og fyrir grafkapellur, þar sem þær hafa verið leyfðar.

Fyrirmynd af kirkjugarðsupprætti.

83  
25. júlí



Rv. 17-10-34, 33v.



1:200

3. Hundraðsgjöld af útsvörum manna, þegar aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum. **83**

25. júlí

Eindagi hundraðsgjalds er hinn sami sem á útsvörum.

Fyrir innheimtu gjalda þessara greiðist 6% í innheimtulaun þeim, er hefir innheimtuna á hendi.

Lögtaksréttur fylgir öllum þessum gjöldum.

#### 29. gr.

Sóknarnefnd gerir árleg reikningsskil fyrir tekjum og útgjöldum kirkjugarða- og legstaðasjóða eftir fyrirmynd frá biskupi. Skal reikningurinn sendur prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert ásamt fylgiskjölum.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefnd gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

#### 30. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1934.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 25. júlí 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## AUGLÝSING

um staðfesting ráðuneytisins á erindisbréfi fyrir héraðslækna.

**84**

26. júlí

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 44, frá 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, er hér með staðfest eftirfarandi erindisbréf, sem samið er af landlækni.

### ERINDISBRÉF HÉRAÐSLÆKNA

#### 1. gr.

**Embættisstörf héraðslækna.**

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra, undir eftirliti og samkvæmt nánari leiðbeiningum landlæknis.